

Dalabyggð  
Þórður Már Sigfússon  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík, 4. september 2020  
Tilvísun: 201904046 / 3.2 og 201904090

## Efni: Tillögur að breytingum á aðalskipulagi vegna vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum og Sólheimum

Dalabyggð hefur sent Skipulagsstofnun til athugunar, samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, tvær tillögur að breytingum á aðalskipulagi. Annars vegar vegna vindorkuvers að Sólheimum með erindi dags. 30. júní 2020 og er skipulagstillagan sett fram í greinargerð með breytingaruppdrætti í mkv. 1:100:000, dags. 25. febrúar 2020. Hins vegar vegna vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum, með erindi dags. 1. júlí 2020 og tillögu sem sett er fram í greinargerð dags. 26. maí 2020 með breytingaruppdrætti í mkv. 1:100.000 dags. 2. mars 2020. Skipulagstillögurnar voru samþykktar í skipulags og umhverfisnefnd 5. júní 2020 og í sveitarstjórn Dalabyggðar 22. júní 2022.

Í breytingartillögu fyrir Sólheima felst að breyta 414 ha landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði I-7 Vindlundur í Sólheimum, þar sem áformað er að reisa allt að 30 vindmyllur með allt að 150 MW uppsett afl. Gert er ráð fyrir leggja vegi að og innan svæðis og leggja línur/strengi frá vindmyllum að tengivirki sem reist verður á svæðinu, þaðan sem raforkan verður tengd inn á Glerárskógalínu (132 kV). Gert er ráð fyrir efnistöku á svæðinu.

Í breytingartillögu fyrir Hróðnýjarstaði felst að breyta 419 ha landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði I-8 Vindorkuver á Hróðnýjarstöðum, þar sem áformað er að reisa allt að 40 vindmyllur með allt að 130 MW uppsett afl. Gert er ráð fyrir að 20-30 km veglagningu að svæðinu og innan þess og að lagðar verði línur/strengir frá vindmyllum að nýju tengivirki og þaðan inn á Glerárskógalínu (132 kV). Gert er ráð fyrir efnistöku á svæðinu.

Umsagnir liggja fyrir um lýsingu beggja skipulagsverkefnanna frá Minjastofnun Íslands (MÍ) Landgræðslunni, Strandabyggð, Umhverfisstofnun (UST) og Húnaþingi vestra. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HEV) liggur fyrir um Hróðnýjarstaðaverkefnið og einnig leyfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um landnotkunarbreytinguna. Jafnframt fylgdi með athugasemdir frá Lögskilum dags. 2. febrúar 2018 og 28. júní 2019 f.h. tiltekinna landeigenda á svæðinu og einnig ódagsett athugasemd frá Bjarna V. Guðmundssyni. Þá liggur umsögn Náttúrufræðistofnunar aðeins fyrir Sólheimaverkefnið en er þess eðlis að getur átt við bæði skipulagsverkefni.

### Stefna stjórnvalda um vindorkunýtingu

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna viðauka við gildandi Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og m.a. útfæra stefnu um skipulag vindorkunýtingar og viðmið fyrir ákvarðanir um slíka nýtingu m.t.t. landslagssjónarmiða. Um er að ræða stefnu sem er ætlað að liggja til grundvallar skipulagsgerð sveitarfélaga og annarri áætlanagerð og ákvarðanatöku stjórnvalda, þ.m.t. vinnu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar. Stefnt er að því að tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu verði auglýst til kynningar í september.

Skipulagsstofnun beinir því til sveitarfélagsins að biðja með að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu þar til tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu hefur verið lögð fram til kynningar þannig að sveitarstjórn geti kannað hvernig stefna og skipulagsákvæði um vindorkuver að Hróðnýjarstöðum samræmast henni og brugðist við eftir tilefni.

### **Skipulagsforsendur og samspil við endurskoðun aðalskipulags**

Hafin er vinna við endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Samkvæmt lýsingu skipulagsverkefnisins er áformað gera úttekt á mögulegum vindorkusvæðum innan sveitarfélagsins. Jafnframt er talið koma til álita, í tengslum við áformuð vindorkuver, að greina valkosti um fyrirkomulag og umfang vindorkunýtingar í Dalabyggð og meta samlegðaráhrif.

Með ákvörðunum um vindorkuver að Hróðnýjarstöðum (130 MW) og Sólheimum (150 MW) eru teknar stórar skipulagsákvæðanir sem hafa veruleg áhrif á mótun heildstæðrar stefnu um hentug svæði til vindorkunýtingar í sveitarfélaginu. Skipulagsforsendur stefnu um orkunýtingu á þessum svæðum þurfa því að vera skýrar, þ.e. hvers vegna sveitarstjórn telji þessa staðsetningu og útfærslu vindorkuvera ákjósanlega, að teknu tilliti til annarra valkosta.

Skipulagsstofnun áréttar hvatningu þess efnis að sveitarfélagið vísi stefnumótun um vindorkuver að Hróðnýjarstöðum og Sólheimum inn í endurskoðunarferli aðalskipulagsins þannig að vindorkunýting verði skoðuð og metin með heildstæðum hætti áður en ákvörðun er tekin um vindorkunýtingu á ákveðnum svæðum.

### **Tengsl og samræmi við aðrar áætlanir**

Fyrirhuguð orkunýting fellur undir áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða (rammaáætlun) og því þarf að gera grein fyrir tengslum skipulagsbreytingarinnar við rammaáætlun í skipulagstillögunum Jafnframt þarf að gera grein fyrir tengslum framkvæmdaáformanna við Kerfisáætlun Landsnets.

### **Lýsing á skipulagsáformum skipulagsákvæði**

Skipulagsákvæði fyrir iðnaðarsvæði 1-8 á Hróðnýjarstöðum, eru sett fram í kafla 3.2 í skipulagstillögunni. Stofnunin bendir á að misræmi er á milli skipulagsákvæða og umfjöllunar í greinargerð og umhverfisskýrslu, hvað varðar hámarkshæð vindmylla og þarf því að samræma.

Skipulagsákvæði fyrir iðnaðarsvæði 1-7 á Sólheimum, eru sett fram í kafla 3.2 í viðkomandi greinargerð. Í greinargerðinni gæti misræmis á milli skipulagsákvæða og umfjöllunar hvað varðar stærð svæðisins og hæð vindmylla og þarf að samræma.

Í skipulagsákvæðum beggja vindorkuvera þarf að koma fram rétt stærð svæðis og vera skýrt hver er leyfileg hámarkshæð í hverfil turna og spaða í hæstu stöðu og að umhverfismat skipulagstillögu þarf að taka mið af þeim stærðum.

Í skipulagstillögunum þarf að gera grein fyrir umfangi fyrirhugaðrar efnistöku og -losunar innan skipulagssvæðis og ef við á, afmarka landnotkunarreiti fyrir svæðin á skipulagsuppdrætti.

Þá þarf í skipulagsákvæðum að koma fram að gert er ráð fyrir að reisa tengivirki á skipulagssvæðinu og gera grein fyrir fyrirkomulagi og frágangi á línnum/strengjum sem áformað er að leggja á milli mannvirkja á svæðinu og að flutningskerfi Landsnets.

Samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar er votlendi á báðum skipulagssvæðunum sem fellur undir vernd skv. lögum um náttúruvernd, sbr. einnig umsögn UST. Skýrt þarf að koma fram í skipulagsákvæðum að votlendi verði ekki skert nema að brýna nauðsyn beri til, sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem setja þarf fram stefnu um endurheimt votlendis.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt fram tillögu til ráðherra um að Laxárdalsheiði verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár sem mikilvægt búsvæði álfra og himbrima. Að mati Skipulagsstofnunar er æskilegt að fram komi afstaða sveitarfélagsins til friðlýsingar á svæðinu og hvaða áhrif vernd á

votlendi og búsvæðum fugla hafa á útfærslu og fyrirkomulag vindorkuveranna. Í því samhengi ætti að taka til athugunar að setja hverfisverndarákvæði um verndarsvæðin til samræmis við stefnu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um að stuðlað verði að vernd votlendis, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi. Gera þarf grein fyrir verndarsvæðunum á skýringarmynd.

Setja þarf stefnu um lýsingu á vindmyllum/í vindorkuverunum með það að markmiði að lágmarka áhrif lýsingar á ásjúnd. Hafa þarf samráð við Samgöngustofu um þann þátt, sbr. ákvörðun nr. 1/2019 um lýsinga og merkingu hindrana utan áhrifasvæða flugvallar.

### Umhverfismat skipulagstillögu og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar

Skipulagsstofnun tók 28. júlí 2020 ákvörðun um matsáætlun samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma framkvæmdaraðila um allt að 130 MW vindorkuver á Hróðnýjarstöðum og er hún aðgengileg á vef<sup>1</sup> Skipulagsstofnunar. Í ákvörðuninni eru tilgreind atriði sem þarf að gera grein fyrir í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og sem hafa einnig áhrif á þætti sem þarf að marka stefnu um í aðalskipulagi. Tillaga framkvæmdaraðila að uppbyggingu vindorkuvers að Sólheimum er í ákvörðunarferli hjá stofnuninni og má gera ráð fyrir að hún verði birt síðar í mánuðinum. Fara þarf yfir þau atriði sem koma fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun Hróðnýjarstaða og ákvörðun stofnunarinnar um matsáætlun Sólheima þegar hún liggur fyrir, svo sem hvað varðar rannsóknir á fuglum og mat áhrifum á landslag og ásjúnd auk þess sem gera þarf grein fyrir samlegðaráhrifum vindorkuveranna. Gera þarf grein fyrir áhrifum vindorkunýtingar á ferðamenn á svæðinu í umfjöllun um áhrif á samfélag.

### Kynning og samráð

Skipulagstillögurnar hafa verið nánar útfærðar frá því að lýsingar á skipulagsverkefnum voru kynntar fyrir umsagnaraðilum fyrir rúmu ári síðan. Ástæða er til að leita að nýju eftir umsögnum um skipulagstillögurnar, þ.e. þeirra sem tilgreindir voru í lýsingum. Minnt er á að hafa samráð við svæðisskipulagsnefndar Dalabyggðar-, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, Landsnet, Íbúa og hagsmunaaðila í grennd við áformuð iðnaðarsvæði.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindunum.

  
Hafdis Hafliðadóttir

1

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1562/201811038%20Vindorka%20Hrodnyjarstadir.pdf>

